



## Stjórnarfundur í aðalstjórn Umf. Aftureldingar 11. september 2013 að Varmá.

Mætt eru: Guðjón Helgason, Auður Gunnarsdóttir, Lára B Helgadóttir, Gylfi Gíslason, Hekla Klemenzdóttir, Geirarður Long (mætti en þurfti frá að hverfa)  
Eymundur Sigurðsson boðaði forföll. Jóhann Már Helgason framkvæmdastjóri boðaði forföll.

### Dagskrá fundarins.

1. Fjármál aðalstjórnar.
2. Tungubakkar.
3. Uppskeruhátíð.
4. Kynning á íþróttagreinum félagsins í skólum bæjarins.
5. Innheimta æfingagjalda. - Form.
6. Önnur mál.

#### 1. Fjármál aðalstjórnar.

Hekla fór stuttlega yfir fjármál aðalstjórnar m.a. þann árangur sem náðst hefur á síðustu misserum. Fundarmenn lýstu ánægju með árangur sem náðst hefur.

#### 2. Tungubakkar.

Farið yfir rekstrarform sumarsins, og ákveðið að ræða fyrirkomulagið betur, fyrir næsta tímabil.

#### 3. Uppskeruhátíð.

Stefnt að því að uppskeruhátíðin verði 12. október. Auður Gunnarsdóttir verður fulltrúi aðalstjórnar í undirbúningsnefnd og henni falið að ræða við formenn allra deilda svo og Indriða Íþróttastjóra og Jóhann framkvæmdastjóra um að þeir komi að undirbúningi og skipulagningu.

#### 4. Kynning á íþróttagreinum félagsins í skólum bæjarins.

Láru B. Helgadóttur falið málið og mun hún m.a. ræða við Jóhann og Indriða um nánari útfærslu og skipulagningu.

#### 5. Innheimta æfingagjalda. - Form.

Ákveðið að innleiðing Nórakerfisins skuli haldið áfram og engar undanþágur verði veittar frá notkun þess, eins og það er sett upp.

#### 6. Önnur mál.

Guðjón fjallaði um umræðu sem átt hefur sér stað á „faceboock“ að undanfögnu vegna æfingagjalda. Upplýst var að í næsta Mosfellingi muni birtast grein þar sem þeim misskilningi sem komið hefur fram í umræðunni muni verða eytt.

Ekki fleira rætt. Fundi slitið kl. 19.08.

Hekla Klemenzdóttir ritaði fundargerð.